

unni, en þar sem að einstaklingstilvera hins sjálfsmeðvitandi manns, gagnvart heiminum, er eins afmörkuð og hún er, er mjög ólíklegt að maðurinn hafi í byrjun gengið út frá sjálfum sér, sem miðdepli þess heims, er hann lifði í.

Upphaflega, og sjálfsagt lengi niður eftir öldum, átti engin skifting sér stað, hvorki í þekkingu né lífsskoðunum. Trúarbrögð, heimspeki, vísindi og siðferðishugsjónir voru ekki sundur greind vegna þess, að þörfin á að greina þau sundur var ekki fyrir hendi. Maðurinn leitaði að vitsmunalegri útskýringu á þeim hlutum, sem voru innan takmarka reynslu hans, þessar útskýringar náðu smámsaman útyfir hans eigin tilveru og heimsheildina, eins og hann þekkti hana, þær voru hans trú, og lífsreglur sínar setti hann í samband við þær, enda þó að þær hefðu myndast sjálfrátt af kringumstæðum þeim, sem hann hafði lifað undir. Þráin að finna tilgang og þýðingu í samhengi hlutanna og rás viðburðanna gerði hverja skoðun þeim viðvirkjandi að trú, sem gaf lífinu einhverja ákveðna þýðingu. Þess vegna voru hinar elztu lífsskoðanir sambland af mörgu, sem síðar aðskilst og verður hvað öðru andstætt, undir kringumstæðum, sem aukin þekking hefir í för með sér.

Þetta elzta stig lífsskoðana mannsins má skoða sem jarðveg, er tvær hinar ólíkustu tilhneigingar alls andlegs lífs hafa vaxið upp úr. Á aðra hönd er rannsóknin, sem er orsök þess, að maðurinn gjörir sér nokkra grein fyrir eðli hlutanna, og á hina er barnaleg trúgirnistilhneiging, sem gerir honum erfitt að sleppa nokkru því, er hann hefir einu sinni lagt trúnað á. Rannsóknin, sé hún ekki hindruð, leiðir vanlega af sér einhverjar nýjar ályktanir og tilgátur, sem verða að þekkingu, þegar þær fá almenna viðurkenningu. En hún lætur ekki staðar numið, hún leitast altaf við að auka við þekkinguna, sem frá hennar sjónarmiði er ófullkomin. Af trúgirnistilhneigingunni aftur á móti leiðir það, að vissar hugmyndir eru viðurkendar að hafa eilífan og óumbreytanlegan sannleik að geyma, við þær þarf engu að bæta, og þar afleiðandi er rannsókn, að svo miklu leyti sem hún snertir þær, ekki einungis óþörf heldur einnig röng. Á þessum tveimur tilhneigingum hvílir frjálslyndi og afturhald allra alda í